

Starfsreglur aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

I. kafli.

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Um skipan nefndarinnar fer eftir grein 31.1. í lögum KSÍ. Nefndin hefur aðsetur hjá Knattspyrnusambandi Íslands, sem greiðir kostnað af störfum hennar og sér henni fyrir nauðsynlegri aðstöðu. KSÍ leggur nefndinni til starfsmann sem annast í umboði nefndarinnar móttöku gagna, birtingu úrskurða o.fl.

2. gr.

Um hæfi nefndarmanna skal fara eftir grein 4.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og skulu nefndarmenn víkja ef ákvarðanataka snertir hagsmuni þeirra eigin félags, aðilum þeim nákomnum eða þeir vanhæfir af öðrum ástæðum.

3. gr.

Hlutverk aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er að fjalla um þau málefni sem til hennar er beint samkvæmt lögum KSÍ og/eða reglugerðum KSÍ. Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög skv. lögum KSÍ og/eða reglugerðum KSÍ.

4. gr.

Aðila máls er heimilt að fela umboðsmanni sínum að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni.

II. kafli.

MÁLSMEDFERÐ

5. gr.

Kærum, erindi, atvik skulu berast til aga- og úrskurðarnefndar sbr. grein 7 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál (kærumál) og grein 6 (agamál). Ef erindi berast eftir tímafresti vísar nefndin erindinu frá.

6. gr.

Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og fullnægja kröfum þeim sem getið er í reglugerð um aga- og úrskurðarmál. Kæran skal undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans og skulu öll gögn sem beint er til nefndarinnar berast til skrifstofu KSÍ.

7. gr.

Nefndin skal sjá til þess að aðilar agamáls fái afhend afrit gagna þegar við á, sbr. reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd. Sé um brottvísun að ræða, sbr. grein 6.2.1 í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd, ber starfsmanni nefndarinnar að senda skýrslu dómarans um brottvísun næsta virka dag. Brottvísun getur leitt til þyngingar stafi hún af:

1. Ofsalegri framkomu
2. Þegar hrækt er að mótherja eða öðrum aðila
3. Orðbragði og/eða verknaði sem er særandi, móðgandi eða svívirðilegt
4. Öðru sem nefndin telur geta leitt til þyngingar

8. gr.

Málsmeðferð fyrir nefndinni fer að öðru leyti eftir reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Aga- og úrskurðarnefnd gæti þess í hvívetna að málsaðilar fái sanngjarnt tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum og málsástæðum á framfæri við nefndina.

9. gr.

Hafi aðili agamáls óskað eftir að koma á framfæri munnlegum athugasemdum, skv. grein 6.4 í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd, skal sá aðili leggja fram greinargerð um mál sitt fyrir næsta reglulega fund nefndarinnar. Í slíkum tilvikum verður aðila veitt tækifæri á málflutningi fyrir nefndinni sem hún setur nánari tímamörk um. Skulu báðir aðilar kappkosta við að ljúka slíkri málsmeðferð eins fljótt og auðið er svo úrskurður geti verið uppkveðinn og tekið gildi í samræmi við grein 9 í reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd. Nefndin getur í undantekningartilfellum ákveðið rýmri tíma til málsmeðferðar.

10. gr.

Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og skulu þeir vera skriflegir og rökstuddir. Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Þess skal getið hvort allir nefndarmenn eru sammála niðurstöðu. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal getið um það hvaða atriði nefndarmenn eru ósammála um.

11. gr.

Í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar skal eftirfarandi koma fram:

- a. hverjir séu aðilar máls,
- b. kröfugerð og málavaxtalýsing,
- c. helstu málsástæður og röksemdir málsaðila,
- d. rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar,
- e. sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.

12. gr.

Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjött og þeir hafa verið kveðnir upp. Nefndin lætur birta úrskurði sína á heimasíðu KSÍ.

III. kafli. **ÝMIS ÁKVÆÐI**

13. gr.

Aga- og úrskurðarnefnd heldur fundi að jafnaði einu sinni í viku á þriðjudögum. Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi oftar til úrslausnar einstakra mála.

14. gr.

Í gerðarbók skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit úr fundargerðarbók má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta.

15. gr.

Að öðru leyti en að framan greindir gilda ákvæði laga KSÍ og ákvæði reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

16. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. gr. laga KSÍ og aga- og úrskurðarreglum KSÍ.

17. gr.

Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og ræður fram úr þeim álitamálum og ágreiningsefnum sem upp kunna að rísa. Reglur þessar taka gildi við staðfestingu stjórnar KSÍ.

Samþykkt af stjórn KSÍ 28. maí 2020.